

Umhverfisstofnun
Davíð Örvar Hansson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. mars 2024
Málsnúmer: 202401-0092
LA, OKV, RTh, SS

Efni: Umsögn um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Dyrfjöll og náttúruvættið Stóruð.

Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 24. janúar 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir landslagsverndarsvæðið Dyrfjöll og náttúruvættið Stóruð.

Í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýstu svæðin Dyrfjöll og Stóruð kemur fram flest það sem viðkemur verndarsvæðinu. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Hvað varðar kaflann um gróður og tegundir þá eru áhöld um geislabikarinn, en þar stendur: „Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda mosann dökkepp sem er sjaldgæf tegund, fléttuna geislabikar sem skráð er á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (1996) og æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á valista sem tegundir í nokkurri hættu.“

Náttúrufræðistofnun leggur til eftirfarandi breytingu á texta á bls. 31:
Ýmsan sérstakan gróður er að finna á svæðinu, til að mynda æðplöntutegundirnar lyngbúa, súrsmæru og línarfa sem allar eru friðaðar og skráðar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegundir í nokkurri hættu. Þá finnast sjaldgæfar mosa- og fléttutegundir á svæðinu.

Heimildinni fyrir Valista æðplantna 2018, þyrfti þá að bæta inn í heimildaskrá á bls. 45.

Í kafla um dýralíf þarf að staðfesta þá fullyrðingu að skúmur verpi í Stapavík, en Náttúrufræðistofnun hefur ekki þær upplýsingar.

Samræma þarf orðlag um minkaveiðar. Á bls. 33 stendur að stefnt skal að útrýmingu minks á svæðinu, en á bls.32 stendur að minkaveiðar fari eftir fyrirkomulagi sveitarfélaga sem ekki er gerð frekar grein fyrir. Þá þarf að samræma orðlag um veiðar innan náttúruvættisins Stóruðar. Stundum kemur fram að þær séu óheimilar en hið rétta er að þær eru takmarkaðar því veiðar á ref, mink og rjúpu eru leyfðar í samráði við landeiganda.

Í stefnu stjórnunar- og verndaráætlunar um rannsóknir og vöktun, bls.44, mætti koma fram að leitast skal við að efla rannsóknir og vöktun náttúrufars innan verndarsvæðisins, því full þörf er á því.



Mikilvægt er að vanda vel til verka með uppbyggingu göngustíga innan verndarsvæðisins og eins við gerð öryggisleiðar fyrir björgunaraðila í Stóruð. Fyrst og fremst þarf að gæta þess að stígarnir rýri ekki landslagsupplifun svæðisins.

Nokkrar stafsetningarvillur eru í texta og lesa mætti áætlunina vel yfir í lokin.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

